

5. JÚNÍ
2025

HARPA
ELDBORG

75
ÁRA

Tónlistarveisla með Barböru Hannigan



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum standur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverka.

Tímalengd verka

Music for the Theatre 21'

Sinfónía 25'

Gaîté 26'

Lög eftir Weill 10'

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1 og
verða einnig sendir út í sjónvarpi 18. júní nk. á RÚV.

Plötur eru til sölu á 2. hæð, meðal annars hljóðritanir Barböru Hannigan.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Tónlistarveisla með Barböru Hannigan

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 5. JÚNÍ KL. 19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Barbara Hannigan

hljómsveitarstjóri
og einsöngvari

Aaron Copland

Music for the Theatre (1925)

Prologue
Dance
Interlude
Burlesque
Epilogue

Joseph Haydn

Sinfónía nr. 90, í C-dúr, Hob.I:90 (1788)

Adagio - Allegro assai
Andante
Menuetto: Allegretto
Finale: Allegro assai

Hié

Jacques Offenbach

Kaflar úr Gaîté parisienne (1938)

úts. Manuel Rosenthal

Forleikur
Allegro brillante
Polka
Valse lente
Tempo di marcia
Valse moderato
Vivo
Barcarolle
Allegro
Cancan
Allegro
Allegro
Vivo

Kurt Weill

Youkali (1934)

úts. Bill Elliot

Lost in the Stars (1948)

úts. Bill Elliot

For information in English
about tonight 's programme,
please visit the Iceland
Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.

Þýðingar á söngtextum er að finna á síðu 9.



Barbara Hannigan

HLJÓMSVEITARSTJÓRI OG EINSÖNGVARI

Kanadíski hljómsveitarstjórinn og söngkonan Barbara Hannigan er fágætur listamaður sem með leiftrandi sköpunargáfu og snilli hefur skipað sér í fremstu röð listamanna samtímans. Á ríflega 30 ára ferli hefur hún notið þess heiðurs að vinna með heimsþekktum tónlistarmönnum, leikstjórum og ballettmeisturum um víða veröld. Í þessum hópi eru meðal annarra John Zorn, Krzysztof Warlikowski, Simon Rattle, Sasha Waltz, Kent Nagano, Andreas Kriegenburg, Vladimir Jurowski, Andris Nelsons, Esa Pekka Salonen, Christoph Marthaler, Antonio Pappano, Katie Mitchell og Kirill Petrenko. Tónlist samtímans hefur henni löngum verið mjög hugleikin og hefur hún á ferlinum frumflutt hátt í 100 tónverk.

Barbara Hannigan hóf feril sinn sem sópransöngkona og tókst á við mörg af kröfuhörðustu hlutverkum í faginu. Fertug að aldri sneri hún sér að hljómsveitarstjórn og þreytti frumraun sína sem hljómsveitarstjóri í Théâtre du Châtelet í París og hefur síðan þá sinnt þessum krefjandi viðfangsefnum jafnhliða á sinn persónulega og einstaka máta. Hefur hún stjórnað mörgum af heimsins þekktustu hljómsveitum og verið aðalgestastjórnandi og gestalistamaður þekktra hljómsveita. Haustið 2026 tekur hún við stöðu aðalhljómsveitarstjóra og listræns stjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Frá 2023 hefur hún gegnt prófessorsstöðu sem kennd er við Reinbert de Leeuw í Royal Academy of Music í Lundúnum og þá hefur hún um árabil verið gestakennari í Juilliard tónlistarháskólanum í New York. Á liðnu hausti kom út diskur á vegum Linn-útgáfunnar þar sem hún flytur kammerverk Stravinskíjs með ungum nemendum skólanna tveggja. Barbara Hannigan hefur í gegnum árin margsinnis verið heiðruð bæði heima og heiman. Nýlega hlaut hún Polarverðlaunin 2025 ásamt hljómsveitinni Queen og Herbie Hancock og var útnefnd tónlistarmaður ársins 2025 af Musical America.



**Tónlistin og
Sinfóníuhljómsveit Íslands**
Music for the Theatre eftir
Aaron Copland hljómar nú
í fyrsta sinn á tónleikum
hljómsveitarinnar.

Aaron Copland

MUSIC FOR THE THEATRE

Aaron Copland (1900–1990) fæddist í Brooklyn, New York. Hann fékk snemma tilsögn í píanóleik hjá systur sinni Laurine og á níunda aldursári byrjaði hann að semja tónlist. Eftir frekara nám á heimaslóðum sigldi Copland sumarið 1921 til Parísar þar sem hann stundaði tónsmíðanám næstu þrjú árin, aðallega hjá tónskáldinu Nadiu Boulanger. Heimkominn einbeitti hann sér í leit að sérstökum amerískum hljómi. „Til er tónlist sem hljómar frönsk og til er þýskur hljómur, af hverju ekki amerískur? Við höfum fundið hann í ragtime og djassi en ekki í hljómsveitartónlist sem mér er hugleikin.“ Og Copland fann þennan hljóm. Hann samdi um ævina alls konar óhlutbundna tónlist, verk fyrir útvarp og kvikmyndir, hljómsveitar- og einleiksverk, ýmiss konar kammertónlist, balletta og óperur. Verk hans bera vott um vandvirkni í alla staði. Hann vann einnig ötullega að því að efla og styðja málstað amerískrar tónlistar og möguleika tónskálda til að koma verkum sínum á framfæri. Hann var um áratuga skeið áberandi í heimi nútímatónlistar og gerði viðleitni hans tónlist heimalandsins sýnilega á alþjóðavettvangi.

Music for the Theatre eða *Tónlist fyrir leikhús* er eitt af fyrstu hljómsveitarverkum Aarons Copland, skrifað fyrir litla hljómsveit. Verkið samdi hann árið 1925, þá nýkominn heim eftir námsdvölinni í París. Hér sannar Copland að leit hans eftir þjóðlegum hljómi og um leið sínum eigin persónulega tóni hafði borið árangur. Í þessari tónsmíð fær hlustandinn innsýn inn í margt af því sem síðar síðar draup úr penna hins snjalla New Yorkbúa.

Um heiti verksins sagði Copland: „Tónlistin virtist skapa eins konar leikhússtemningu þannig að eftir að ég hafði deilt efniviðnum niður í fimm kafla gaf ég verkinu þetta nafn“.



Joseph Haydn

SINFÓNÍA NR. 90

Joseph Haydn (1732–1809) fæddist í austurríska smábænum Rohrau sem liggur rösklega 40 km austur af höfuðborginni Vín. Haydn var gífurlega afkastamikill tónskáld og skipta verk hans hundruðum. Hann er ýmist kallaður „faðir strengjakvartettsins“ eða „faðir sinfóníunnar“ en á verkalista hans er meðal annars að finna 68 kvartetta og 107 sinfóníur. Átti hann á stóran þátt í að hefja sinfóníuna til vegs og virðingar.

Tónlistin og

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Það var þýski

hljómsveitarstjórinn Thomas

Kalb sem stýrði eina flutningi

hljómsveitarinnar til þessa

á Sinfóníu Haydns nr. 90,

en það var á tónleikum í

Háskólabíói snemma árs

2002.

Haydn starfaði í hartnær 30 ár við hirð Esterházy-fjölskyldunnar sem var sú ríkasta í Ungverjalandi. Höfuð hennar var Nikulás prins sem var mikill tónlistarunnandi og -iðkandi. Hann lét reisa íburðarmikinn sumardvalarstað, Esterháza, sem í mikilfengleika jafnaðist á við Versali sunnan við París og Schönbrunn í Vínarborg. Þar var tónlist í hávegum höfð - til dæmis voru þar 1038 óperusýningar á árunum 1880–90 og var það meðal annars verkefni Haydns að skipuleggja þær auk annars tónlistarflutnings við hirðina. Þrátt fyrir annir Haydns og einangrun í „sveitinni“ barst orðstír hans vítt og breitt um Evrópu og síðustu árin í þjónustu prinsins var honum leyft að semja tónlist fyrir aðra. Árið 1788 fékk hann pöntun frá d'Ogny greifa fyrir tónleikafélag hans Loge Olympique í París. Pöntunin hljóðaði uppá þrjár sinfóníur og er Sinfónían nr. 90 sú fyrsta af þeim. Voru launin fyrir verkefnið ekki skorin við mögl.

Sinfónían hefst á hægum en stuttum inngangi áður en fjörugur og glæsilegur Allegro-kaflinn hefst. Í hæga kaflanum leikur Haydn sér með sitt uppáhalds form, tvöfalt tilbrigði þar sem F-dúr og f-moll kallast á. Menúettinn er í frönskum stíl og skartar einkar glæsilegum tríóhlutum. Í lokakaflanum býður Haydn upp á óvænta uppákomu líkt og oft áður. Í þetta sinn læst hann klára verkið á C-dúr hljómi en eftir fjögurra takta þögn heldur hann áfram hálfþón hærra í Des-dúr og þrjónar sig til baka þar til upphafstóntegundinni er náð.



Tónlistin og

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Nokkrir kaflar úr svítu Offenbachs Gaîté parisienne voru leiknir á tónleikum hljómsveitarinnar þann 21. september 2017 undir stjórn Yan Pascal Tortelier.

Jacques Offenbach

KAFLAR ÚR GAÎTÉ PARISIENNE (ÚTS. MANUEL ROSENTHAL)

Jacques Offenbach (1819–1880) er sannkallaður faðir óperettunnar. Hann samdi hátt í 100 óperettur og hafði mikil áhrif á önnur óperettutónskáld, til að mynda Johann Strauss og Franz Lehár. Hann samdi um ævina aðeins eina óperu, *Ævintýri Hoffmanns*, sem enn í dag er hans vinsælasta verk. Offenbach fæddist í þýsku borginni Köln en fjölskyldan flutti til Parísar þegar hann var á barnsaldri. Hann lærði á selló í Parísarkonservatóríinu frá fjórtán ára aldri og lék síðar í hljómsveit Opéra-Comique þar til hann var ráðinn hljómsveitarstjóri Franska leikhússins - Théâtre Français. Árið 1855 opnaði hann sitt eigið leikhús *Bouffes-Parisiens* þar sem hann sýndi margar af sínum helstu óperettum næstu ellefu árin, meðal annars *Orfeus í undirheimum*. Síðasta fasta starf Offenbachs var leikhússtjóri Théâtre de la Gaîté í París.

Gaîté parisienne (*Parísargleði*) er ballett sem dansaður er við þekkta smelli úr verkum Offenbachs en söguþráður ballettsins byggir lauslega á óperettu hans *La vie parisienne* frá árinu 1866. Það var Leonide Massine, fyrrverandi ballettmeistari Rússneska ballettsins Ballets russes í Monte Carlo sem fól franska tónskáldinu og hljómsveitarstjóranum Manuel Rosenthal (1904–2003) að útsetja vinsæla tónlist Offenbachs til notkunar í ballettinum og var hann frumfluttur í Monte Carlo árið 1938. Upphaflega voru kaflarnir tuttugu talsins en á tónleikum kvöldsins hljóma þrettán þeirra og þar á meðal hinn frægi dúett, *Barcarolle* úr einu óperu Offenbachs, *Ævintýri Hoffmanns* og dansnúmerið *Cancan* úr óperettu hans *Orfeus í undirheimum* sem löngum hefur verið eitt helsta aðdráttarafl hins fræga kabarettskemmtistaðar Parísar, *Moulin rouge* eða *Rauðu myllunnar*.



**Tónlistin og
Sinfóníuhljómsveit Íslands**

Lögin eftir Kurt Weill hljóma nú í fyrsta sinn á tónleikum hljómsveitarinnar.

Kurt Weill

YOUKALI OG LOST IN THE STARS (ÚTS. BILL ELLIOT)

Líkt og Jacques Offenbach var Kurt Weill (1900–1950) af gyðingaættum og fæddist í Þýskalandi. Barnungur byrjaði hann að reyna sig við tónsmíðar og síðar lærði hann hjá þekktum samtímamönnum sínum á borð við Engelbert Humperdinck og Ferruccio Busoni. Þekktasta verk sitt *Túskildingsóperuna* (*Dreigroschenoper*) samdi hann árið 1928 en fimm árum síðar flúði hann nasismann í Þýskalandi, fyrst til Parísar en síðar til New York þar sem hann settist að ásamt konu sinni Lotte árið 1935 og starfaði til æviloka. Bandarískan ríkisborgararétt hlaut hann árið 1943.

Kurt Weill samdi um dagana fjölmörg verk af ólíkum toga. Þar á meðal einsöngslög, kórverk, kantötur, strengjakvartetta, fiðlukonsert, tvær sinfóníur, tvær óperettur og liðlega 20 óperur. Þeirra á meðal er óperan *Aufstieg und Fall der Stadt Mahagonny* (1930), *Johnny Johnson* (1936), *Knickerbocker Holiday* (1938), *Lady in the Dark* (1941), *One touch of Venus* (1943) og *Down in the Valley* (1948) að ógleymdri *Túskildingsóperunni*.

Lagið *Youkali* samdi Weill upphaflega sem millipáttamúsik í leikritinu *Marie Galante* eftir Jacques Deval árið 1934. Síðar gerði Roger Bertrand texta við lagið í samráði við tónskáldið. Þar er *Youkali* unaðseyja, næstum því á heimsenda en reynist þegar upp er staðið aðeins vera draumsýn.

Lost in the Stars er lag úr samnefndum söngleik eftir Kurt Weill og Maxwell Anderson sem er byggður á skáldsögunni *Cry, the Beloved Country* eftir Alan Paton.

Sigurður Ingvi Snorrason

Söngtextar og þýðingar

Belle nuit, ô nuit d'amour **Barcarolle úr „Les Contes d'Hoffmann“**

Nicklausse:

Belle nuit, ô nuit d'amour,
Souris à nos ivresses,
Nuit plus douce que le jour,
Ô belle nuit d'amour!

Giulietta, Nicklausse:

Le temps fuit et sans retour,
Emporte nos tendresses!
Loin de cet heureux séjour,
Le temps fuit sans retour.
Zéphyrs embrasés,
Versez-nous vos caresses,
Zéphyrs embrasés,
Donnez-nous vos baisers.

Jules Barbier

Fagra nótt, ó ástarnótt **Bátssöngur úr „Ævintýrum Hoffmanns“**

Nicklausse:

Fagra nótt, ó ástarnótt,
brostu við eldmóði okkar,
þú nótt sem ert ljúfari en dagur,
ó fagra ástarnótt!

Giulietta, Nicklausse:

Tíminn flýr á braut og tekur
með sér öll okkar ástarhót!
Langt í burt frá þessum sælustað
flýr tíminn og kemur ekki aftur.
Eldheitu andvarar,
skenkið okkur atlot ykkar,
eldheitu andvarar,
gefið okkur kossa ykkar.

Youkali **Tango Habanera**

C'est presque au bout du monde,
Ma barque vagabonde,
Errant au gré de l'onde,
M'y conduisit un jour.
L'île est toute petite,
Mais la fée qui l'habite
Gentiment nous invite
À en faire le tour.

Youkali,
C'est le pays de nos désirs,
Youkali,
C'est le bonheur, c'est le plaisir,
Youkali,
C'est la terre où l'on quitte tous soucis,
C'est, dans notre nuit,
Comme une éclaircie,
L'étoile qu'on suit,
C'est Youkali.
Youkali,
C'est le respect de tous les vœux échangés,
Youkali,

Youkali **Tangó Habanera**

Það er næstum því á heimsenda
sem flökkubáturinn minn
á villuferð sinni yfir öldurnar
flytur mig einhvern daginn.
Eyjan er ósköp smá,
en álfkonan sem býr þar
býður okkur kurteislega
að skoða okkur um.

Youkali,
það er landið sem við þráum,
Youkali,
það er hamingjan, það er unaðurinn,
Youkali,
það er landið þar sem allar áhyggjur hverfa,
það er eins og skýjarof
í nóttinni sem umlykur okkur,
stjarnan sem vísar veginn,
það er Youkali.
Youkali,
það er virðing fyrir öllum heitstrengingum,
Youkali,

C'est le pays des beaux amours partagés,
C'est l'espérance
Qui est au cœur de tous humains,
La délivrance
Que nous attendons tous pour demain,
Youkali,
C'est le pays de nos désirs,
Youkali,
C'est le bonheur, c'est le plaisir
Mais c'est un rêve, une folie,
Il n'y a pas de Youkali!

Et la vie nous entraîne,
Lassante, quotidienne,
Mais la pauvre âme humaine,
Cherchant partout l'oubli,
A, pour quitter la terre,
Su trouver le mystère
Où nos rêves se terrent
En quelque Youkali.

Youkali, etc.

Roger Fernay

Það er landið þar sem við eigum ástina saman,
Það er vonin
sem býr í hjörtum allra manna,
frelsunin
sem biður okkar allra á morgun,
Youkali,
Það er landið sem við þráum,
Youkali,
Það er hamingjan, það er unaðurinn,
en það er draumur, hillung,
það er ekkert Youkali til!

Og lífið dragnast áfram með okkur,
þreytandi og hversdagslegt,
en aumingja mannssálin,
sem reynir að gleyma öllu,
hefur lært, til að losna frá þessari jörð,
að finna sér leyndardóm
þar sem draumar okkar festa rætur
í einhverju Youkali.

Youkali, o. s. frv.

Lost in the Stars

Úr söngleiknum „Lost in the Stars“

Before Lord God made the sea and the land,
He held all the stars in the palm of His hand,
And they ran through His fingers like grains of sand,
And one little star fell alone.

Then the Lord God hunted through the wide night air
For the little dark star on the wind down there
And he stated and promised he'd take special care
So it wouldn't get lost again.

Now a man don't mind if the stars grow dim
And the clouds blow over and darken him,
Solong as the Lord God's watching over them,
Keeping track how it all goes on.

But I've been walking through the night and the day
Till my eyes get weary and my head turns gray,
And sometimes it seems maybe God's gone away,
Forgetting the promise that we heard him say
And we're lost out here in the stars,
Little stars, big stars, blowing through the night,
And we're lost out here in the stars.

Maxwell Anderson

Týnd meðal stjarnanna

Úr söngleiknum „Týnd meðal stjarnanna“

Áður en Drottinn Guð skapaði hafið og landið
hélt hann öllum stjörnunum í lófa sér,
og þær runnu um fingur hans eins og sandkorn
og ein lítill stjarna hrapaði alein.

Þá leitaði Drottinn Guð um gjörvallt náttthvolfið víða
að litlu stjörnunni dimmu á vindum þarna niðri
og hann lýsti yfir og hét að gæta hennar sérlega vel
svo að hún týndist ekki á ný.

Nú er kjarkmanni svo sem sama þótt stjörnurnar dofni
og skýin hrannist yfir og varpi á hann myrkri
meðan Drottinn Guð er á verði fyrir ofan þau
og fylgist með hvernig öllu vindur fram.

En ég hef verið á gangi alla nóttina og daginn
þar til augu mín þreyttust og hárið gránaði,
og stundum er eins og Guð hafi farið burt
og gleymt loforðinu sem við heyrðum hann gefa,
og við séum týnd hér úti meðal stjarnanna,
lítilla stjarna, stórra stjarna, fjúkandi gegnum nóttina,
og við séum týnd hér úti meðal stjarnanna.

Íslenzkar þýðingar gerði Reynir Axelsson

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Hulda Jónsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Laura Liu
Bryndís Pálsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Laufey Jensdóttir
Zbigniew Dubik
Andrzej Kleina
Margrét Kristjánsdóttir
Lin Wei
Hildigunnur Halldórsdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. fiðla

Anton Miller
Gunnhildur Daðadóttir
Greta Guðnadóttir
Greta Salóme Stefánsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Hekla Finnsdóttir
Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Justyna Bidler
Kristján Matthíasson

Víola

Rita Porfiris
Þórarinn Már Baldursson
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Kathryn Harrison
Sarah Buckley
Herdís Anna Jónsdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Guðbjartur Hákonarson
Fidel Atli Quintero Gasparsson

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Urh Mrak
Hrafnkell Orri Egilsson
Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Guðný Jónasdóttir

Bassi

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Jacek Karwan
Richard Korn
Hávarður Tryggvason
Þórir Jóhannsson

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Caterina Compagno

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

Klarínett

Grímur Helgason
Baldvin Ingvar Tryggvason

Fagott

Louisa Slosar
Bryndís Þórsdóttir

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Joseph Ognibene
Caroline Messner
Anna Sigurbjörnsdóttir

Trompet

Zach Silberschlag
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Oren Marshall

Harpa

Katie Buckley

Píanó

Liam Kaplan

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Marco Santos
Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson

Hljóð í sal

Þorbjörn Kolbrúnarson

Blómaskreytingar

Ragnhildur Fjeldsted

Förðun

Helena Jónsdóttir

Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir
Hafstað verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfðánardóttir
mannauðsstjóri

Tryggvi M. Baldvinsson
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrárgerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvít Hrólfsdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigbór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðs- og tækniamaður



ÁSKRIFT AÐ UPPLIFUN

2025 – 2026



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Með áskrift tryggir þú þér besta
miðaverðið og þitt eigið sæti í Eldborg.

Dagskrá næsta starfsárs verður kynnt á sinfonia.is á næstu
dögum og hefst þá endurnýjun og sala nýrra áskrifta.

TRYGGÐU ÞÉR SÆTI Á NÝJU STARFSÁRI WWW.SINFONIAN.IS